

Einnota réttarfar

Það hefur vakið athygli lögfræðinga hversu úrlausnir Hæstaréttar Íslands hafa verið sakborningum hagstæðar í þeim Baugsmálum sem hafa ratað til réttarins.

I. Dómarnir

1. Hinn 10. október 2005 í málinu nr. 420/2005 fjallaði rétturinn um frávísun Héraðsdóms Reykjavíkur á upphaflegri ákæru í Baugsmálinu, sem Jón H.B. Snorrason saksóknari hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra hafði samið. Dómarar voru Markús Sigurbjörnsson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnlaugur Claessen og Ingibjörg Benediktsdóttir. Ákæran hafði innihaldið 40 ákæruliði og hafði héraðsdómur vísað henni frá í heild (hér verður ekki fjallað sérstaklega um úrlausnir Héraðsdóms Reykjavíkur í þessum málum en þær eru flestar stórfurðulegar). Hæstiréttur staðfesti frávísun 32 ákæruliða. Ekki verður að sinni farið ofan í saumana á dómnum og þeim ástæðum sem þar er teft fram fyrir frávísuninni. Hitt er alveg ljóst að þessi ákæra var ekki verr úr garði gerð en fjöldi ákæruskjala sem lögð hafa verið fyrir dómstóla og þar fengið athugasemdalausa meðferð, líka í Hæstarétti. Saksóknarinn hefur margra ára reynslu í þessu og hafa menn haft fregnir af því að hann hafi borið ákæruna undir kollega sína á Norðurlöndum áður en hún var lögð fram. Enginn þeirra mun hafa fundið að henni og einhverjir þeirra eru sagðir hafa lýst undrun sinni yfir frávísunardómi Hæstaréttar. Einn þeirra skrifaði reyndar grein í Morgunblaðið um þetta. Allir sem lesa málið eiga auðvelt með að átta sig á ákæruefnunum. Dómur Hæstaréttar er með eindæmum miðað við það sem áður þekkist á þessu sviði.

2. Hinn 9. maí 2006 var í málinu nr. 231/2006 dæmt um kröfu Jóns Geraldis Sullenbergers um að Arngrímur Ísberg héraðsdómari viki sæti í máli hans. Málið dæmtu GCI, Árni Kolbeinsson og IB. Hér var um það að ræða, að sérstakur ríkissaksóknari Sigurður Tómas Magnússon hafði ákært JGS þegar hann ákærði á ný eftir frávísunina í fyrra málinu. Hinn 15. mars 2006 hafði fjölskipaður héraðsdómur dæmt um ákæruliðina 8, sem eftir stóðu í upphaflega málinu, sbr. 1. lið að framan. Arngrímur dómar var einn dómaranna í því máli. Þar hafði JGS verið vitni. Í dóminum var lagt mat á framburð vitnisins JGS. Sagði þar að tiltekin atvik málsins rýrðu sönnunargildi vitnisburðarins. Nú var JGS orðinn sakborningur í nýja málinu og sakaður um atriði sem tengdust beinlínis atvikunum sem hann bar vitni um í eldra málinu. Í lögum um meðferð sakamála er skýrt tekið fram að dómar hafi meðal annars því hlutverki að gegna að leggja mat á trúverðugleika framburðar sakbornings. Á Íslandi hefur Mannréttindasáttmáli Evrópu lagagildi. Þar er að finna reglu um að allir sakaðir menn eigi rétt á að um mál þeirra fjalli óvilhallur dómar. Mörg dæmi eru um að dómarar þurfi að víkja sæti ef þeir vegna fyrra afskipta sína af máli teljast ólíklegrir til að geta litið hlutlaust á það, sem fyrir þeim liggr að fjalla um. Allir sjá að Aí var ekki líklegrur til að hverfa frá mati sínu á trúverðugleika JGS frá því sem komið hafði fram í fyrra málinu. Varla var líklegt að hann færí nú að viðurkenna að fyrra matið hefði verið rangt. Hvers vegna þarf þessi sakborningur að sæta því að þessi dómar dæmi mál hans? Verði hann sakfelldur í málinu blasir við að hann muni geta kært meðferð málsins til Mannréttindadómstóls Evrópu af þessum ástæðum.

Því má skjóta inní, þó að það hafi sjálfsgagt ekki legið fyrir Hæstarétti, að AÍ hafði á vettvangi Héraðsdóms Reykjavíkur sótt það fast að fá að dæma í nýja málinu. Það þykir lögfræðingum skrítið.

3. Næst gerðist það 21. júlí 2006 í málinu nr. 353/2006 að Hæstiréttur fjallaði um frávísun AÍ dómara á 1. lið í ákæru STM. Þetta mál dæmdu GCI, GG og IB. Engum sem þennan ákærulið les getur dulist ákæruefnið. Jóni Ásgeiri Jóhannessyni forstjóra Baugs var gefið að sök að hafa, með leynd gagnvart stjórni Baugs um að hann væri seljandinn (reynðar fyrirtæki sem hann átti sjálfur en hafði sett leppa fyrir), selt Baugi svonefnar 10/11 verslanir sem hann hafði nokkru áður keypt á mun lægra verði. Var hann sakadur um að hafa með blekkingum hagnast um 325 milljónir króna á kostnað Baugs. Í atvikalýsingu ákærunnar kom meðal annars fram að ákærði hefði látið afhenda sér háa fjárhæð úr sjóðum Baugs til að standa að hluta straum af kaupverði verslananna, þegar hann keypti þær. Þetta voru í ákærunni talin auðgunarbrot og tíundað við hvaða ákvæði hegningarlaga þau voru talin varða. Héraðsdómur vísaði ákæruliðnum frá dómi á þeirri forsendu að hér væri lýst viðskiptum en ekki auðgunarbroti! Eins og ekki sé hægt að fremja auðgunarbrot með viðskiptum? Hæstiréttur staðfesti þetta með vísan til forsendna. Í þessari afgreiðslu felst að þessi háttsemi forstjórans fær ekki efnismeðferð fyrir dómi. Ef menn telja það refsilaust af forstjórum almenningshlutafélaga að haga sér svona, þyrfi það að koma fram í efnislegum dómi. Hér stóðu öll efni til að um þetta yrði fjallað. En furðuleg vinnubrögð Hæstaréttar komu í veg fyrir það.

4. Hinn 23. janúar 2007 í málinu nr. 661/2006 staðfesti Hæstiréttur úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur um að Haraldur Johannessen ríkislöggreglustjóri skyldi víkja sæti við rannsókn á skattalagabrotum forsvarsmanna Baugs. Þetta mál dæmdu GCI, Hjörðís Hákonardóttir, Hrafn Bragason, IB og Ólafur Börkur Þorvaldsson, sem skilaði sératkvæði. Ríkislöggreglustjórin hafði látið tiltekin ummæli falla opinberlega þegar fyrir lá að sérstakur saksóknari yrði skipaður til að taka ákvörðun um nýja ákæru eftir frávísunardóm Hæstaréttar sem fjallað var um í 1. lið að framan. Ummælin voru hvort tveggja algerlega saklaus og að auki þess efnis að engin rök voru til að tengja þau rannsókn skattamálsins. Niðurstaða Hæstaréttar um þetta er ekki í neinu samræmi við fyrri dóma réttarins á þessu sviði. Þar er að finna mýmörg dæmi um að sjálfir dómarar sakamálanna skuli ekki víkja sæti, þó að fyrri afskipti þeirra af málum gangi miklu nær sakborningum en hér var um að ræða. Má þar til dæmis nefna dóminn sem nefndur var að framan í 2. tl. Um þetta er fjallað ítarlega í sératkvæði ÓBP. Öllum sem það lesa verður samstundis ljóst að eitthvað meira en lítið skrítið var á ferðinni hjá meirihlutananum.

5. Þá er loks að geta dóms Hæstaréttar 25. janúar 2007 í málinu nr. 181/2006. Þetta mál dæmdu GCI, ÁK, HH, IB og MS. Nú var staðfestur sýknudómur Héraðsdóms Reykjavíkur á þeim hluta upphaflega málsins sem eftir stóð (sjá 1. lið að framan), þó svo að sérstakur ríkissaksóknari hafði fækkað ákæruliðum úr 8 í 6. Meðal ákæruefna í málinu var að fyrirsvarsmenn og endurskoðendur Baugs voru taldir hafa brotið gegn 43. gr. laga um ársreikninga, þar sem það er gert refsivert að tilgreina ekki í ársreikningi félags „fjárhæðir lána, svo og veðsetningar, ábyrgðir og tryggingar sem veittar hafa verið félagsaðilum eða stjórnendum félags eða móðurfélags þess vegna

tengsla þessara aðila við félögin, sundurliðað ásamt upplýsingum um vexti, greiðslukjör og aðra helstu skilmála". Ákært var vegna fjögurra ársreikninga fyrir árin 1998-2001. Var svo komið í ársreikningi fyrir 2001 að lán til JÁ og tveggja fjölskyldufyrirtækja hans, Fjárfestingafélagsins Gaums og Fjárfars, námu samtals nær hálfum milljarði króna, án þess að fyrirmælum laganna væri fylgt. Fyrirfram var vandséð hvernig Hæstarétti yrði unnt að komast framhjá þessu. En viti menn. Í dóminum er fyrst talið að skyldan til tilgreiningar lána taki ekki til allra skulda viðkomandi forsvarsmana eða félaga þeirra. Var þetta meðal annars byggt á reglugerð um ársreikninga, þar sem ekki var talið skilt að tilgreina skuldir sem stafa af reglulegum viðskiptum forsvarsmannanna, sem byggðust á sama grunni og viðskipti annarra ótengdra viðskiptavina. Nefnt var að færslur á viðskiptareikningana séu samtals 430 öll árin, þar af 275 færslur Baugí til eignar á alls rúmlega 1,4 milljarða króna og 155 færslur á móti Baugí til skuldar, alls nær 950 milljónir króna. Talið er ljóst að tilteknar færslur Baugí til eignar geti ekki talist lánveitingar í skilningi laganna, þó að jafnframt sé ljóst að aðrar falli þar undir. Um þær er sagt að mestu máli skipti að ákærðu hafi ekki verið spurð um einstakar færslur eða ástæður þeirra. Var talið að ákærðu hefði ekki gefist réttilega kostur á að koma að skýringum við þessa liði. Var því sýknað af þessum ákæruliðum.

Um þetta er það að segja, að ákvæði laganna um ársreikninga eru auðvitað sett í þeim tilgangi að aðrir hluthafar og raunar lesendur ársreikninga yfirleitt geti séð ef ráðandi eigendur og stjórnendur nota fjármuni félags í eigin þágu. Hér er ljóst af framangreindri lýsingu að ákærði JÁ hafði hreinlega notað fjármuni almenningshlutafélagsins Baugs til að fjármagna eins konar yfirdrátt í viðskiptastarfsemi sinni. Undantekning reglugerðarinnar um skuldir sem stafa af reglulegum viðskiptum og byggjast á sama grunni og viðskipti annarra ótengdra viðskiptavina geta auðvitað ekki leyft skuldasöfnun á viðskiptareikningi af þessu tagi uppá hálfan milljarð, án þess að skilt sé að láta hennar getið í ársreikningi. Bæði Gaumur og Fjárfar eru fyrirtæki sem stunda fyrst og fremst starfsemi á sviði fjárfestinga. Ekkert vit er í að telja að önnur fyrirtæki í slíkum rekstri hafi átt kost á sambærilegri fyrirgreiðslu hjá Baugi. Samkvæmt forsendum dómsins sjálfs var alveg ljóst að ákærðu höfðu brotið gegn ákvæðinu. Þá var hlaupið í tæknilegt atriði til að skera ákærðu niður. Peir höfðu ekki verið spurðir um einstaka liði á viðskiptareikningunum. Nú er alveg deginum ljósara að gögn um sundurgreiningu viðskiptareikninganna lágu fyrir í málínu og voru grundvöllur þeirra talna sem ákært var fyrir. Ákærurnar höfðu verið kynntar ákærðu. Peir höfðu öll málsgögn í höndum. Peir vissu betur en nokkur annar um tilefni einstakra liða sem birtust á viðskiptareikningunum. Peir höfðu skipaða verjendur til að verjast ákærunum. Hafi þeir talið að tilteknar viðskiptafærslur gætu ekki talist lán í skilningi laganna var þeim í lófa lagið að fjalla um það í smáatriðum og skýra fyrir dóminum. Ákærvaldið byggði á að öll lántakan væri undir. Ákærvaldið uppfyllti sönnunarkröfur laga um stöðu viðskiptareikninganna. Hafa má í huga að ásetningur til brots er ekki skilyrði fyrir refsingu. Stórkostlegt gáleysi dugar. Hafi ákærðu talið sig eiga afsökunarástæður um einstakar færslur áttu þeir og gátu gert grein fyrir þeim. Fjölmörg dæmi eru um að dómstólar hafi sakfellt menn fyrir refsiverð brot, til dæmis fjárdráttarbrot og þjófnaðarbrot, án þess að fyrir hafi legið nákvæmlega hvaða verðmæti voru tekin og án þess að hinum ákærðu hafi verið gefinn sérstakur kostur á að svara spurningum

um einstök atriði í þeim efnum. Þeir sakborningar hafa ekki notið þeirra réttarfarsreglna sem nú var dæmt eftir. Allt er þetta kostulegt.

Í þessum dómi er svo einnig að finna sýknu á ákæru um að hafa svikið í tolli, þó að sakborningur, forstjórinn sjálfur, teljist hafa vitað um að tvö verð voru í gangi. Er talið að ekki sé hafið yfir skynsamlegan vafa að mistök annarra starfsmanna Baugs hafi valdið því að ranglega var staðið að verki. Haft skal í huga að hér verður ekki bara refsaoð fyrir ásetning heldur einnig stórkostlegt gáleysi. Það er sjálfsagt fróðlegt fyrir fyrirsvarsmenn fyrirtækja að læra nú hvernig þeir geta komið sér undan ábyrgð á tollsvikum!

II. Hugsanlegar ástæður

Erfitt er að gera sér í hugarlund ástæðurnar fyrir furðulegum afgreiðslum Hæstaréttar í málum Baugsmanna. Æ fleiri eru farnir að átta sig á því að hér er ekki allt með felldu. Meira að segja Spaugstofan notar þetta sem efnivið í grínið. Málið er þó háalvarlegt. Lögfræðingar sem leggja fyrir sig verjendastörf eru furðu lostnir. Þeir spryja sjálfa sig, hvort þeirra skjólstæðingar megi búast við álíka hagstæðum niðurstöðum í framtíðinni. Lífsreyndir menn hlæja að þessu og telja að réttarfarið í Baugsmálum sé einnota. Að þeim málum loknum muni allt falla í sama farið á ný. Margt er skrafað. Tilgátur fljúga um. Hér koma nokkrar sem heyrst hafa.

A. Sakborningar eiga öfluga fjölmíðla og hafa notað þá óspart til að skapa þrýsting á dómstóla. Gamalkunnar aðferðir eru notaðar. Smíðuð er samsæriskenning sem reyndar heldur ekki vatni ef hún er krufin til mergjar. Hún virkar samt svona rétt eins og slíkar kenningar gera oftast. Áróðri af þessu tagi hefur verið ausið yfir þjóðina á undanförnum misserum, þannig að annað eins hefur varla sést áður. Sérfræðingar á sviði auglýsinga og ímyndarherferða eru keyptir til að skipuleggja leikritið. Ómæld peningaráð eru notuð í þessu stríði. Muna menn til dæmis eftir sjónvarpsmyndinni bar sem þeir koma labbandi í hóp eftir Austurstræti inn í dómhúsið? Þetta er eins og kynning á LA-law eða viðlíka bandarísku sjónvarpsefni. Í hvert skipti sem eitthvað hefur staðið fyrir dyrum við rekstur málsins hafa þeir birt aðkeyptar "sérfræðiskýrslur", ýmist frá Jónatani Pórmundssyni, enskum lagafirmum eða dönskum "sérfræðingi" í mannréttindum, sem kunnur er af sölumennsku sinni. Þetta svínvirkar allt saman. Meira að segja héraðsdómararnir eru sagðir hafa opinberað í einkasamtölum að þeir trúi þessu! Pannig á Arngrímur Ísberg að hafa sagt í áfengisvímu við samdómara sinn að hann vissi vel að málið væri allt runnið undan rifjum Davíðs Oddssonar!

B. Sumir telja að persónuleg afstaða dómara Hæstaréttar til þáttakenda í þessu drama skipti máli. Sumir telja sig hafa orðið vara við að máli skipti hvað þeir heita sem flytja málín. Markús Sigurbjörnsson er talinn afar áhrifamikill í dómarahópnum og margir telja sig hafa séð höfundareinkenni hans á lengstu dómunum þar sem ákæru JHBS var vísað frá og svo núna síðast sýknudóminum frá 25. janúar. Segja menn að Markús sé afar leikinn í að semja langa lögfræðitexta, þar sem endaskipti eru höfð á hlutum. Einfalt verður flókið og satt ósatt. Einstakir lögmann eru sagðir njóta sérstakrar velvildar hjá þessum áhrifamikla dómara. Til þess hóps heyra Gestur Jónsson og stofan sem hann vinnur á en þar er einnig að finna aldavin Markúsar,

Ragnar Hall. Sagt er að Markús, Gunnlaugur og jafnvel fleiri dómarar hafi horn í síðu Jóns HB. og jafnvel Sigurðar Tómasar sérstaks ríkissaksóknara líka. Þá benda menn á að Ingibjörg Benediktsdóttir sé sérstök persónuleg vinkona Arngríms Ísbergs héraðsdómara, sem sóttist eftir að fá að dæma nýja málid og fékk. Hún hefur verið dómarí í öllum málunum sem nefnd eru að framan.

C. Enn eru þeir sem segja að meirihluti dómarar Hæstaréttar sé að hefna sín. Þeir séu reiðir yfir því að hafa ekki fengið að ráða nýskipunum dómarar í réttinn að undanförnu. Sérstaklega sé þeim illa við skipun Ólafs Barkar 2003 og Jóns Steinars Gunnlaugssonar 2004. Þeir telji að Davíð Oddsson hafi stjórnað því að þeir fengu ekki að ráða þessu. Nú hafi þeir fengið tækifæri til að hefna sín, því að öllum sé ljóst að Davíð vilji ófarir Baugsmanna sem mestar. Þeir sem þetta segja benda á að dómarar hafa ekki tækifæri til hefnda nema þegar til þeirra er skotið málum sem vel henta til hefndaraðgerða. Í þessu samhengi er líka bent á mál Jónínu Benediktsdóttur í Hæstarétti, þar sem réttinum tókst með Markúsaraðferðum sínum að komast að þeirri niðurstöðu, að ekkert væri athugavert við að blað stæli einkapóstum og birti þá opinberlega! Sé þessi kenning rétt geta Baugsmenn þakkað Davíð Oddssyni þá einstaklega hagstæðu meðferð sem þeir hafa fengið hjá Hæstarétti!

D. Hvað sem öllum þessum vangavelum líður, er svo mikið víst, að íslenskir dómstólar hafa gersamlega brugðist í þessum málum. Sé leitað þeirrar skýringar sem hagstæðust er dómurunum, er niðurstaðan su að þeir reynast ófærir um að fjalla af hlutleysi um mál, þar sem ríkir menn eiga í hlut sem að auki ráða yfir fjölmöldum sem þeir nota skrúflulaust til að skapa almenningsálit sér í hag. Þetta finnst mörgum áhugamönnum um dómsmálin sorglegt svo ekki sé meira sagt.

E. Hér hefur verið farið yfir sviðið og nefnt að lögfræðingar sjái þetta allt og ræði það í sinn hóp. Hvers vegna talar þá enginn um þetta opinberlega? Svarið er að menn eru hræddir. Bæði verða þeir úthrópaðir í fjölmöldum Baugs og svo eru málflyttjendur hræddir við Hæstarétt. Og ekki að ástæðulausu, sé það rétt sem fyrr var nefnt að velvild einstakra dómarar til persóna þeirra skipti mál, þegar málin þeirra eru dæmd. Það vakti til dæmis athygli að lögmaðurinn Jóhannes Rúnar Jóhannsson flutti erindi á lögfræðingafundi ekki alls fyrir lögnum og fjallaði um dóminn, þar sem Hæstiréttur vísaði frá meginhluta fyrr ákærunnar í Baugsmálinu. Menn áttu von á að heyra hann fjalla um dóminn í ljósi fyrrí dómsúrlausna réttarins á þessu sviði og bera mál saman. Lék mónum forvitni á að vita, hvort ræðumaður sæi mun þar á. En óekkí. Í ræðunni var fjallað um dóminn í einhvers konar lofgjörðarstíl. Sá góði lögmaður sem ræðuna flutti þarf sjálfsgagt ekki að óttast úrslit mála sinna í Hæstarétti á næstunni. Og til að undirstrika þetta sjónarmið um óttann tekur sá sem þetta skrifar fram að hann þorir ekki að láta nafns síns getið. Til þess er hann of huglaus!